

Alþingi
Erindi nr. P . 27. 2002
komudagur 19. 4. 2002



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Drífa Hjartardóttir
150 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 2002
Tilvísun: LAN02010180/011
SE/--

Fyrir landbúnaðarnefnd liggur stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993 með síðari breytingum, sem samið er skv. bráðabirgðaákvæði laganna sem skyldar landbúnaðarráðherra til að leggja fram frumvarp með nánari ákvæðum um álagsgreiðslur skv. gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Með vísan til þess að nú styttist verulega sá tími sem bændum gefst til undirbúnings þessu ferli, sem taka á gildi 1. janúar 2003 og einnig þess að landnýtingarþáttur ferilsins tekur ekki gildi fyrr en árið 2004 hef ég ákveðið að óska eftir því við nefndina að hún skoði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu við afgreiðslu þess.

1. Gildistöku ákvæða um gæðastýrðan framleiðsluferil verði frestað um eitt ár eða til 1. janúar 2004.
2. Takmörkunum á frjálsu framsali greiðslumarks milli bænda verði aflétt.
3. Við afgreiðslu frumvarpsins verði ákveðið að endurskoðun samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 geti hafist strax á þessu ári.

Að öðru leiti standi ákvæði laganna og frumvarpsins óbreytt. Þeir fjármunir sem á árinu 2003 áttu að renna til greiðslu sérstaks álags vegna gæðastýrðs framleiðsluferils verða þá greiddir jafnt á alla framleiðslu á sama hátt og jöfnunargreiðslur.

Guðni Ágústsson